

Reykjaneshöfn – Ársreikningur 2012

Meðfylgjandi er ársreikningur Reykjaneshafnar fyrir árið 2012 og fréttatilkynning vegna hans, en ársreikningurinn var lagður fram og samþykktur af hafnarstjórn 06. mars 2013.

	2012	2011	Fjárhags- áætlun 2012
Rekstrartekjur	180.968.292	279.695.668	329.680.000
Rekstrargjöld	152.579.083	219.577.839	203.578.000
Hagnaður fyrir afskriftir	28.389.209	109.094.372	163.870.000
Rekstrarniðurstaða	(17.857.620)	60.117.829	126.102.000
Tap ársins	(667.074.903)	(557.441.291)	(506.096.000)
Eignir	31.12. 2012	31.12. 2011	áætlun 2012
Fastafjármunir	2.706.305.146	2.691.181.100	2.847.579.000
Veltufjármunir	178.513.242	320.207.654	271.547.000
Eignir	2.884.818.388	3.011.388.754	3.119.126.000
Eigið fé og skuldir	31.12. 2012	31.12. 2011	áætlun 2012
Eigið fé	(3.851.709.467)	(3.231.818.167)	(3.608.685.000)
Langtímaskuldir og skuldbindingar	6.341.670.384	5.736.130.310	6.158.490.000
Skammtímaskuldir	394.857.471	507.076.611	569.321.000
Skuldir	6.736.527.855	6.243.206.921	6.727.811.000
Eigið fé og skuldir	2.884.818.388	3.011.388.754	3.119.126.000
	31.12. 2012	31.12. 2011	áætlun 2012
Handbært fé til rekstrar	(202.043.266)	(143.496.757)	151.420.000
Veltufé til rekstrar	(286.417.936)	(386.694.855)	314.157.000

Ársreikningur Reykjaneshafnar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar fjármálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi Reykjaneshafnar er fjármögnuð með rekstrartekjum frá hafnarrekstri og rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki í 100% eigu Reykjanesbæjar.

Rekstrartekjur hafnarinnar á árinu 2012 námu 181 millj. kr. og rekstrargjöld kr. 152,6 m.kr. og þar af laun 65,4 m.kr. samkvæmt ársreikningi. Hagnaður fyrir afskriftir 28,4 m.kr. Afskriftir 46,2 m.kr. fjármunatekjur og –gjöld 649,2 mkr. en tap ársins 667,1 mkr.

Framkvæmdir voru óverulegar á árinu 2012, unnið við gatnagerð, lóðir og fjárfest fyrir 12,1 m.kr.

Framtíðarsýn:

Lóðaúthlutun í Helguvík hefur nánast stöðvast frá árinu 2008 og en reiknað með úthlutun lóða á árinu 2013 m.a. hjá AGC ehf. með glýkólverksmiðju.

Reykjaneshöfn undirritaði 27.4. 2006 hafnarsamning og lóðarsamning í Helguvík við Norðurál. Fyrirhugað er að reisa allt að 270 þúsund tonna álver í áföngum. Fyrsti áfangi yrði 90 þúsund tonna álver og hófust byggingarframkvæmdir við hann í maí 2008. Óvíst er hvenær framleiðsla hefst en vonast að það verði á árinu 2014.

Góðar framtíðarhorfur Reykjaneshafnar.

Þrátt fyrir erfiðan rekstur Reykjaneshafnar árið 2012 og skuldir sem nema um 6,7 milljörðum króna, mun eignastaða Reykjaneshafnar styrkjast á næstu árum. Það byggir á því að virði lóðargjalda á úthlutuðum lóðum í Helguvík, samkvæmt gjaldskrá, er um 4,5 milljarðar kr.

Eftir endurfjármögnun langtímalánanna á árinu 2011, þá er áætlað að rekstur hafnarinnar muni komast í jafnvægi á næstu árum með auknum tekjum vegna hafnargjalda, lóðargjalda, lóðarleigu og fasteignarskatta tekjurnar verði hærri en fjármagnskostnaðurinn og höfnin nái að greiða niður skuldir sínar. Í þeim áætlunum sem unnið er með gagnvart lánveitendum er gert fyrir að byggingarframkvæmdir við kísilver fari af stað sumarið 2013 og rekstur hefjist í byrjun ársins 2015 .

Einnig vekur nýtt boð ríkisstjórnarinnar, sem felur fjármála- og efnahagsráðherra að hefja viðræður um aðkomu ríkisins að hafnarframkvæmdum í Helguvík, væntingar um að Helguvík njóti sama fjárstuðning ríkissjóðs og uppbygging innviða vegna atvinnustarfsemi í landi Bakka í Norðurþingi.